

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 11.500 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 15.400 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingarvísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.400 fyrir tonnið. Ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 8.850 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.900 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 785 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.600 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 14.100 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 17.600 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

Fyrir klippikort m/vsk. greiðist kr. 6.300 fyrir A-kort, óendurvinnanlegt sorp. Fyrir B-kort, endurvinnanlegan bylgjupappír greiðist kr. 3.150 og fyrir C-kort endurvinnanlegt timbur greiðist kr. 3.150.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 714 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Flutningsaðilar á sorpi á móttökustað ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpiláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 2. gr. b. lið gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2005 – 30. september 2005, en þá verður þjónusta við sorphirðu hjá fyrirtækjum og stofnunum hætt á vegum Akraneskaupstaðar.

Frá 1. október 2005 munu fyrirtæki og stofnanir annast sín sorpmál sjálf og greiða fyrir móttekið sorp í samræmi við gildandi gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma, í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili kemur með sorp til afhendingar í móttökustöð Akraneskaupstaðar.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness þann 14. desember 2004. Fyrri umræða fór fram þann 9. nóvember 2004.

Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1006/2003.

Akranesi, 14. desember 2004.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.